



Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Á Íslandi hefur þróast sterk hefð fyrir víðtækri samvinnu í glímu samfélags og einstaklinga við erfiða sjúkdóma. Baráttan við berklaveikina fyrir á öldinni var eldskír þessarar samvinnu hefðar. Á síðari árum hefur hún sett svip á skipan forvarna og meðferð á ýmsum algengum sjúkdómum.

Nú er efnt til fjölþætts málþings um gigtarmedferð og reiða lækna, hjúkrunarfólk, sjúklingar og margir aðrir fram efnivið til umræðu.

Mörg þúsund Íslendingar eru illa farnir vegna ýmissa gigtarsjúkdóma og talið er að um fimmtungur landsmanna hafi á einhvern hátt orðið fórnarlamb hinna ýmissa afbrigða gigtar.

Vonandi verður umfjöllun þingfulltrúa til þess að auðveldara verði að veita þeim sem þjást af þessum sjúkdómi bæði liðsinni og lækningu.

Ég býð norræna gesti velkomna til Íslands og óska þeim og öðrum þingfulltrúum heilla og árangurs í starfi.